

M-28/2009 Álit 15. júní 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. júní 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-28/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sambyggðu bað- og sturtutæki 25. mars 2008 hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir tækið vera gallað, sturtuhausinn hafi losnað úr festingu, fallið í baðkerið og skemmt það. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi endurgreiði sér kaupverð bað- og sturtutækisins, kr. 45.900, leggi sér til nýtt baðkar sem hann segir kosta samkvæmt verðtilboði kr. 312.500. Þá segir hann kostnað við að skipta um baðkarið, sem hann krefst að seljandi greiði, nema kr. 330.000 auk efniskostnaðar kr. 10.000. Samkvæmt þessu nema kröfur álitsbeiðanda samanlagðar kr. 698.400.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. apríl sl., óskaði kæruneftndin eftir nánari skýringum á kröfugerð álitsbeiðanda og fékk svar við því bréfi 23. apríl. Með bréfi, dags. 28. apríl, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess til 11. maí. Lögmaður seljanda óskaði eftir lengri fresti sem var veittur og bárust andsvörin 26. maí. Með bréfi, dags. 27. maí var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 5. júní. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. júní sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 25. mars 2008, keypti álitsbeiðandi bað- og sturtutæki hjá fyrirtækinu Y. Hann segir pípulagningameistara hafa tengt tækið í lok apríl sama árs. Hinn 12. febrúar sl. hafi sturtuhausinn dottið í sundur og niður í baðkarið sem hafi stórskemmt og litlu munað að slys hlytist af. Álitsbeiðandi segist hafa farið til seljanda og óskað eftir bótum fyrir sturtuhausinn og baðkarið sem hann hafi ekki fallist á. Hins vegar hafi seljandi látið sig fá nýja skrófu til að festa sturtuhausinn í stað þeirrar sem farið hafi í sundur og jafnframt sagt að ástæða bilunarinnar væri sú að tækið þyldi ekki íslenska vatnið. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið með sturtuhausinn í tjónagreiningu hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og segir eftirfarandi í greinargerð hennar:

„Verkefni

Verkkaupi óskaði eftir skoðun á brotinni skrófu úr sturtuhaus. Óskað var eftir svörum við því hvort efnisgalli hafi valdið broti skrófunnar. Að sögn verkkaupa var sturtuhausinn búinn að vera í notkun í tæplega eitt ár, áður en skrófan brotnaði. Verkkaupi kom með sýni til skoðunar (brotin skrófa, sturtuhaus, nýleg skrófa og brot úr skrófu). Allir hlutarnir eru húðaðir, útlit bendir til þess að þetta sé nikkel/króm húðun. Innri gerð, nýlegu og

brotinu skrufanna, gefur til kynna að í þeim sé eirmelmi (koparmelmi). Mynd 1 sýnir ljósmynd af hlutunum sem verkkaupi kom með til skoðunar.

Frankvæmd

Brotsár skrufunnar var skoðað í víðsjá. Einnig var brotsár brots úr hugsanlega annarri skrufu skoðað (sjá mynd 1) en samkvæmt verkkaupa var ekki vitað hvort þetta stykki hefði verið hluti af brotnu skrufunni úr sturtuhausnum eða ekki.

Niðurstöður

Krómhúðun er gjarnan notuð í sturtubúnaði sem og önnur baðtæki. Fyrir eirmelmi þá er fyrst felld á nikkel/króm húð á (innra lag) og því næst er krómhúð (ysta lag). Krómhúðin er venjulega ekki þykkari en 1,25 μm og gefur hlutnum glansandi yfirborð. Nickel/króm löggin eru of þunn þá getur orðið tæring á eirmelminu.

Brotna skrufan er þó nokkuð tærð á yfirborðinu og í brotsárinu (sjá mynd 2-4), þetta bendir til þess að nikkel/króm húðin hafi eyðst af yfirborðinu þannig að tæring varð á eirmelminu. Sturtuvatn á höfuðborgarsvæðinu er upphitað kalt vatn, sem inniheldur brennisteinsvetni (H_2S) sem blandað er í vatnið til að eyða súrefni úr upphitaða kalda vatninu. Uppleyst H_2S gös og súrefni eru bæði mjög tærandi fyrir koparmelmi. Súrefni úr umhverfinu og hugsanlega úr sturtuvatninu og H_2S gas úr sturtuvatninu eru líklega það sem olli tæringunni.

Útlit brotsársins gefur til kynna að skrufan hafi brotnað í stökku broti. Brotsárið er þó nokkuð tært og hægt er að greina pyttamyndun í skrúfgangi skrufunnar við brotsárið, sjá mynd 2-4. Tæringarpyttirnir í skrúfganginum hafa að öllum líkindum virkað sem spennuþjöppunarsvæði sem leitt hefur til brots þar sem álagið hefur farið yfir styrk efnisins í skrúfgangi skrufunnar. Minnkun á þverskurði skrufunnar vegna tæringar hefur einnig stuðlað að veikingu efnisins. Mynd 3 sýnir stærri stækkun af brotsárinu og líklegan upphafsstað brots.

Engir efnisgallar voru sýnilegir í brotsárunum.

Brotsár brotna stykkisins sem fylgdi með frá verkkaupa (sjá mynd 1 og 2) er tiltölulega lítið tært. Brotsár stykkisins gefur ekki til kynna hvort þetta sé úr sömu skrufu og þeirri sem fjallað var um hér að ofan (þ.e. brotnu skrufunnar sem hélt sturtuhausnum uppi). Til dæmis virðist þessi skrúfa ekki passa í skrúfstykkið á sturtuhausnum (mynd 1(b) og (d)). Brotsár stykkisins gefur til kynna að það hafi brotnað stökku broti vegna yfirálags. Ekki er talið að það hafi áhrif eða spilað þátt í broti skrufunnar sem hélt sturtuhausnum uppi.

Ályktun

Engir efnisgallar voru sýnilegir í brotsárunum. Að öllum líkindum hefur tæring valdið því að skrufan sem hélt sturtuhausnum uppi brotnaði. Líklegt er að tæringarpyttir í skrúfganginum hafi virkað sem spennuþjöppunarsvæði sem leitt hefur til brots þar sem álagið hefur farið yfir styrk efnisins. Húðin á skrufunni virðist annaðhvort ekki hafa þolað íslenskt sturtuvatn eða ekki verið nægjanlega þykk til að vernda undirliggjandi eirmelmið sem tærðist.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum lögmanns seljanda er í upphafi vitnað til ályktunar í niðurstöðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem rakin er hér að framan. Segir síðan í andsvörum:

„Niðurstaða Nýsköpunarmiðstöðvarinnar er ekki ótvíræð. Skýrslan er raunar í formi ályktunar enda er skoðunin sem fram fór hjá miðstöðinni afar almenns eðlis.

Eitt skrifustykki sem rannsakað var er úr brotinni skrófu sem virðist hvorki passa við sturtuhausinn né hinn partinn af brotinni skrófu sem skýrsluhöfundur telur rétta. Verður að álykta að þessi skrófa hafi aldrei átt heima í sturtuhausnum og að rétta stykkið sé enn óskoðað. Gæti það gefið dýpri skilning á brotinu.“

Þá er í andsvörunum bent á að í skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvarinnar sé komist að þeirri niðurstöðu að engir efnisgallar hafi verið sýnilegir í brotasárum og þeir því ekki valdið broti skrófunnar, enda þótt heildarniðurstaða í skýrslunni hafi ekki verið ótvíræð. Þá er vitnað til þess sem segir í skýrslunni um hvað hafi getað valdið tæringu skrófunnar og síðan bent á að ekki hafi verið nefndur sá möguleiki að yfirþrýstingur á neysluvatni hafi getað átt þátt í því hvernig fór en sá þrýstingur sé víða yfir þeim mörkum sem mælt sé með fyrir tæki eins og sturtuhausinn sem álitsbeiðandi hafi keypt.

Í andsvörunum eru rakin ákvæði um lagnir í 1. og 2. mgr. 188. gr., 12. mgr. 190. og 5. mgr. 195. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og í framhaldi af því bent á að engin gögn hafi verið lögð fram til að skera úr um hvort eitthvað það hafi verið að lögnum hjá álitsbeiðanda sem gæti hafa valdið tjóninu. Þá segir eftirfarandi um sönnun tjóns og orsakasamband:

„Til þess að Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð verður nefndin að hafa tiltekin gögn í höndunum. Mál þetta er svo illa upplýst að það telst ekki tækt til álitsgjafar nefndarinnar. Af hálfu álitsbeiðanda hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem nefndin gæti notað til slíks, en færð hafa verið fyrir því rök að almennar ályktanir starfsmanns Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í skýrslu sem lögð hefur verið fram feli hvergi nærri niðurstöðu um það hvað olli óhappi á heimili álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi ber sönnunarbyrði um tjón sitt og að orsakasamband sé milli þess og mögulegra galla í búnaði þeim sem Innréttingar og tæki seldu honum 23. mars 2008. Til þess að hægt sé að leggja mat á það hvort söluvaran hafi verið gölluð þarf að ganga úr skugga um það með rannsókn hvort tæring hafi valdið óhappinu. Ótvíræða niðurstöðu þarf að fá í þeim efnum. Jafnframt þarf að gera athugun á því hvort eitthvað innanhúss hafi valdið óhappinu, svo og hvort lagnir eða annað hafi ekki verið í samræmi við staðla þá sem settir hafa verið fram í byggingarreglugerð á þeim tíma er hús álitsbeiðanda var byggt.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Innréttinga og tækja falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.-3. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um þá eiginleika sem söluhlutur á að hafa. Segir m.a. í 2. mgr. þeirrar lagagreinar eftirfarandi:

„Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess.“

Þá segir í a-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 að söluhlutur teljist gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr.

Ekki er komið fram að við kaupin hafi aðilar þeirra gert neina fyrirvara að því er gæði og endingartíma blöndunartækjanna varðaði. Því verður að gera ráð fyrir að kaupin hafi farið fram á þeim forsendum að blöndunartækin stæðust notkun við þær aðstæður sem á höfuðborgarsvæðinu eru og hentuðu í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til, sbr. ákvæði í a-lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 sem rakið er að framan. Hafi seljandi haft vitneskju um að tækin af einhverjum ástæðum þyldu ekki venjulega notkun bar honum samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 að upplýsa álitsbeiðanda um það þegar kaupin fóru fram, en þar segir að söluhlutur sé gallaður ef:

„seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætlað að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin“

Álitsbeiðandi keypti umrædd blöndunartæki 25. mars 2008 og segir þau hafa verið tengd í lok apríl. Sturtuhausinn hafi dottið af tækjunum 12. febrúar. Samkvæmt þessum upplýsingum sem ekki hafa verið dregnar í efa höfðu tækin ekki verið notuð í lengri tíma en tæpa 10 mánuði þegar skúfa sem sturtuhausinn var festur með fór í sundur með þeim afleiðingum að hann féll niður í baðkarið og skemmdi það.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki fyllilega ljóst hvað olli því að skúfan fór í sundur. Kærunefndin álitur engu að síður að með skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands séu leiddar svo sterkar líkur að því að orsök þess hvernig fór sé sú að tækin hafi ekki haft eiginleika til þess að standast þá notkun sem búast mátti við að þau gerðu og þau voru keypt til. Bilun af því tagi sem varð eftir tæplega 10 mánaða notkun bendir tvímælaust til lítilla gæða og langt í frá að um venjulega endingu á sambærilegum tækjum sé að ræða sem eitt og sér getur verið galli samkvæmt ákvæðum neytendakaupalaga. Þótt hugsanlegt sé að yfirprýstingur á vatni hafi átt einhvern þátt í hvernig fór þá er það að álitum kærunefndarinnar útilokað að hann hafi valdið broti skúfunnar einn og sér eins og ásigkomulag hennar var, heldur þá aðeins flýtt fyrir því hvernig fór.

Samkvæmt framansögðu er það álit kærunefndarinnar að blöndunartækin sem álitsbeiðandi keypti hafi verið gölluð sem leiðir til þess að álitsbeiðandi á úrbótarétt á hendur seljanda, sbr. ákvæði 26. gr. laga nr. 48/2003.

Kröfu álitsbeiðanda, eins og hún er sett fram í bréfi hans til kærunefndarinnar í bréfi, dags. 23. apríl sl., verður að skilja svo að hann krefjist riftunar á kaupunum á blöndunartækjunum og endurgreiðslu kaupverðs þeirra, kr. 45.900.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 getur neytandi þegar söluhlutur er gallaður krafist riftunar á kaupunum samkvæmt ákvæðum 32. gr. laganna, en í þeirri grein segir að í stað afsláttar skv. 31. gr. geti neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur. Kærunefndin álitur að sá galli sem á blöndunartækjunum er, og að framan er

lýst, sé ekki óverulegur og er niðurstaða nefndarinnar sú að álitsbeiðanda sé heimilt að rifta kaupunum gegn skilum á blöndunartækjunum, sbr. ákvæði 51. gr. laga nr. 48/2003, og að fá kaupverðið, kr. 45.900, endurgreitt úr hendi seljanda. Er þá m.a. haft í huga að allsendis er óvíst að þær úrbætur sem seljandi hefur boðið, þ.e. nýja skrófu til að festa sturtuhausinn, myndu duga til lengri tíma.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað við að skipta um baðker vegna skemmda sem hafi orðið á því við að sturtuhausinn féll á botn þess. Af myndum að dæma, sem álitsbeiðandi sendi með bréfi sínu frá 23. apríl sl., hefur brotnað upp úr botni baðkersins og segir álitsbeiðandi brotsárið vera um 2 cm langt, 3 mm breitt og 2 mm djúpt. Af myndum að dæma er sárið hvítt sem bendir til þess að brotið hafi ekki náð í gegnum yfirborðshúð baðkersins.

Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi greiði sér andvirði nýs baðkers auk kostnaðar við að koma því fyrir, samtals kr. 652.500. Álitsbeiðandi kveðst hafa kynnt sér hvort hægt sé að gera við skemmdirnar og eini möguleikinn sé að spartla í þær og lakka síðan. Engin ábyrgð sé tekin á slíkri viðgerð og miklar líkur á að viðgerðin verði áberandi þar sem lakkið muni upplitast með tímanum.

Í 34. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um rétt til bóta vegna tjóns sem galli á söluhlut veldur á öðrum munum en söluhlutnum sjálfum. Í 1. mgr. er kveðið á um skaðabótaábyrgð vegna tjóns á hlutum sem söluhluturinn var notaðir til framleiðslu á eða standa í beinu og nánú sambandi við fyrirhuguð not söluhlutar. Kærunefndinni þykir ljóst að baðkerið stóð í nánú sambandi við blöndunartækin og því eigi framangreint lagaákvæði hér við.

Kærunefndin telur ljóst að skemmd hefur orðið á baðkerinu við það að sturtuhausinn féll á botn þess sem lýti er að. Um það verður álitsbeiðanda ekki kennt. Hins vegar verður ekki annað séð en baðkerið hafi fullt notagildi þrátt fyrir framangreinda skemmd og kærunefndin telur ekki forsendur til þess eins og hér hagar til að ákveða álitsbeiðanda bætur sem svara skiptum á baðkeri. Kærunefndin telur að bætur fyrir skemmdina verði að meta að álitum og hefur þá í huga að vera kann að gera þurfi við hana oftár en einu sinni til þess að lýti á baðkarinu verði sem minnst. Með þetta í huga telur kærunefndin hæfilegar bætur til handa álitsbeiðanda kr. 75.000.

Álitsbeiðandi bað Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að skoða margumrædda skrófu og ekki er að sjá að hann hafi haft samráð við seljanda um það eða hann fengið að koma að þeirri skoðun með einhverjum hætti. Kostnaður sem þessi er í eðli sínu ekki hluti tjóns vegna viðskipta aðila heldur kostnaður við að reka mál fyrir kærunefndinni sem álitsbeiðandi kaus að stofna til. Samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur samkvæmt framangreindum lögum snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Með vísan til þessa lítur kærunefndin svo á að það sé ekki á verk- eða valdsviði hennar að leggja fyrir aðila að þeim beiðnum sem hún fær til afgreiðslu að greiða gagnaðila kostnað við gagnaöflun enda þótt fyrir liggi að til hans hafi verið sérstaklega stofnað. Af þessum sökum hafnar kærunefndin kröfu álitsbeiðenda að því er varðar kostnað við skoðun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands en vill hins vegar benda á að sú niðurstaða útilokar ekki að álitsbeiðandi geti á öðrum vettvangi sótt þann rétt sem hann kann að eiga á hendur seljanda vegna þessa kostnaðar.

VI
Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 45.900, gegn skilum á blöndunartækinu, og kr. 75.000 í skaðabætur.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir